

## RÍKISSAKSÓKNARI

VS/

Reykjavík 7. júní 2010.

Föstudaginn 4. þessa mánaðar var haldinn sameiginlegur fundur ríkissaksóknara og Ákærrendafélagsins á Hótel Reykjavík Centrum.

Fundarefnið var frumvarp til laga um breytingu á löggreglulögum, nr. 90/1996, o. fl. og einkum umsagnir ríkissaksóknara og Ákærrendafélagsins um það.

Fyrir fundinn var lögð svohljóðandi ályktun:

*„Í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála er gert ráð fyrir að ákærnuvaldið skiptist í þrjú stjórnsýslustig í stað tveggja áður, þ. e. ákærnuvald löggreglu, héraðssaksóknara og ríkissaksóknara. Ákvörðun um stofnun embættis héraðssaksóknara var frestað tímabundið, fyrst til 1. janúar 2010 og síðan til 1. janúar 2012.*

*Fundur ákærnda og ríkissaksóknara skorar á dómsmála- og mannréttindaráðherra að hefja þegar undirbúning að stofnun embættisins ef til stendur að koma því á laggirnar. Að öðrum kosti verði fallið frá þessu fyrirkomulagi og lögum breytt til samræmis við það.*

*Fundurinn bendir á að erfitt er að byggja upp ákærnuvaldið í landinu á meðan óvissa ríkir um þetta mál en fjölmörg atriði tengjast breytingumni.*

*Eigi embætti héraðssaksóknara að taka til starfa 1. janúar 2012 þarf að hefjast handa án tafar með undirbúning þess s. s. með því að skilgreina starfsmannafjölða, útvega húsnæði og tryggja nægilegt fjármagn. Fundurinn bendir á að frekari frestun á stofnun embættisins sé ekki forsvaranleg.“*

Tillagan var borin undir atkvæði og hlaut hún samþykki allra fundarmann sem voru þrjátíu og einn.

Dómsmála- og mannréttindaráðherra  
Ragna Árnadóttir